



Fundargerð

Stjórn VJP - 121. fundur stjórnar VJP haldinn Skuggasund 3, fundarsalur Háhyrna, NaN. undefined14. ágúst 2018, kl. 13:30.

Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaga, Sigmundur Einarsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Erlingur Freyr Jensson aðalmaður og Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri.

Fundargerð ritaði: Björn Ingi Jónsson, aðalmaður.

1. Ráðuneyti - samskipti - 1804001

Heimsókn. Nefnd um stofnun Hálendisþjóðgarðs

Gestir

Bergþór Ólafsson - 13:30

Margrét Hallgrímsdóttir - 13:30

Dagbjört Jónsdóttir - 13:30

Steinar Kaldal - 13:30

Óli Halldórsson formaður nefndarinnar kynnti hvert er hlutverk og helstu verkefni nefndarinnar auk þess sem þeir óska eftir góðu samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð meðan á vinnunni stendur.

Rætt um uppbyggingu á atvinnustefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarðs og miðhálendinu. Mikilvægi þess að hugað sé að nýsköpun og með hvaða hætti hugað sé að þolmörkum svæða sem atvinnustarfsemi er fyrirhuguð á. Stjórn telur mjög mikilvægt að gott samstarf verði um vinnu við atvinnustefnuna og felur framkvæmdarstjóra að útfæra málið með starfsmanni nefndar um hálendisþjóðgarð.

Rætt um mörk hálendisþjóðgarðs og hvar þau skarast við mörk Vatnajökulsþjóðgarðs í dag og hvernig mögulegt stjórnfyrikomulag hálendisþjóðgarðs yrði.

Fulltrúi Samtaka útivistarfélaga leggur fram eeftirfarandi bókun

"Samtök útivistarfélaga leggur áherslu á að náð verði betri sátt um málefni útivistarfólks í Vatnajökulsþjóði áður en lengra verður haldið við stækkun þjóðgarða á hálendinu."

2. Rekstur 2018 - 1802007

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fóru yfir stöðuna í rekstrinum og framkvæmdum á tímabilinu frá janúar til og með júlí

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 14:30

Fjármálastjóri kynnti fjárhagsstöðuna og fór yfir helstu frávík frá rekstraráætlun. Almennt er reksturinn á árinu 2018 í jafnvægi en mikilvægt er að fylgjast mjög vel með á næstu vikum þegar sumarannatíma fer að ljúka ef þörf er á því að bregðast sérstaklega við.

3. Veitingasala Skaftafelli - 1805004

Fjármálastjóri fór yfir niðurstöðu á rekstri veitingarsölu í Skaftafelli.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 14:55

Fjármálastjóri kynnti samantekt sína á rekstri veitingasölnnar í Skaftafelli en sá rekstur er erfiður og má lítið út af bregða. Um er að ræða nokkuð mannfrekan rekstur sem kallar á sérhæfða þekkingu á veitingarekstri.

Stjórn telur veitingarekstur ekki hluta af kjarnastarfsemi þjóðgarðsins en telur þó eðlilegt að þjóðgarðurinn komi að því að tryggja eðlilega grunnþjónustu við starfsstöðvar, tjaldstæði og nærumhverfi þar sem þörf er á. Ákvörðun um útfærslu þjónustu og rekstur veitingarsölu í Skaftafelli er vísað til svæðisráðs Suðursvæðis til umfjöllunar sem og möguleg húsæðisnýting. Svæðisráð skili tillögu til stjórnar.

4. Uneskó - 1808005

Bráðabirgðauppgjör vegna Unescó

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 15:34

Fjármálastjóri lagði fram fjárhagsuppgjör vegna vinnu við umsókn til Unescó. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs óskar eftir að hitta stýrihóp vegna umsóknar til Unescó.

5. Fræðslumál - 1806007

Formaður stjórnar kynnti Fræðsluáætlun Vatnajökulspjóðgarðs fyrir árin 2018-2022 sem var gefin út í maí 2018. Vinna við fræðsluáætlun Vatnajökulspjóðgarðs hófst á vordögum 2016 en verkefnið er styrkt af Vinum Vatnajökuls.

Skipaður var starfshópur meðal fastra starfsmanna þjóðgarðsins til að vinna fræðsluáætlunina en í honum voru Agnes Brá Birgisdóttir, Guðmundur Ögmundsson, Helga Árnadóttir, Hrönn G. Guðmundsdóttir, Orri Páll Jóhannsson og Jóna Björk Jónsdóttir. Fanney Ásgeirsdóttir og Sigrún Sigurgeirsdóttur komu inn á síðari stigum. Verkefnastjóri var Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir hjá Náttúrustofu Norðausturlands

Fræðsla um náttúru og náttúruvernd, sögu, mannlíf og menningarminjar í þjóðgarðinum er eitt af meginmarkmiðum Vatnajökulspjóðgarðs og er fræðsluáætlun Vatnajökulspjóðgarðs 2018-2022 mikilvægur liður í að uppfylla það markmið. Stjórn fagnar útgáfu áætlunarinnar sem er afar vel unnið og metnaðafullt skjal og þakkar hún öllum sem komu að gerð hennar.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs samþykkir áætlunina og mun vinna að því eins og kostur er að afla fjár til að hægt verði að ráða sérstakan fræðslufulltrúa til stofnunarinnar strax á árinu 2019 til að fylgja henni eftir og hrinda í framkvæmd með öðrum starfsmönnum.

Stjórn óskar eftir því að fræðsluáætlunin verði gerð aðgengileg á heimasíðu Vatnajökulspjóðgarðs.

6. Stjórnunar- og verndaráætlun endurskoðun 2013-2018 - 1709012

Áframhaldandi umræða um endurskoðun á Stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins í framhaldi af kynningarferlinu sem fram fór í byrjun árs 2018

Formaður lagði til að hafin verði aftur vinna við að ljúka endurskoða stjórnunar- og

verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs sem staðið hefur yfir undanfarin ár. Lokið verði við að vinna úr athugasemdum sem komu inn í auglýstu athugasemdaferli vorið 2018 og laga ágalla sem komu fram þá. Áætlunin verði að því búnu lögð fyrir stjórn til samþykkatar og í nýtt kynningarferli. Formaður lagði til að ráðgjafi verði falið að stýra þessu verkefni og nýtt verði sem kostur er sú vinna sem þegar hefur farið fram og fyrir liggur.

Jafnframt hefjist grunnvinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið umhverfis Jökulsárlón sem hefur nú verið fellt undir þjóðgarðinn samanber bókun stjórnar frá 12 júlí 2018.

Kostnaðar- og verkáætlun vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun verði lögð fyrir næsta stjórnarfund

7. Þjóðgarðastofnun - frumvarp - 1808004

Drög að frumvarpi um þjóðgarðastofnun

Lögð hafa verið fram drög að frumvarpi um nýja stofnun sem ætlað er að hafa með höndum umsýslu allra þjóðgarða á Íslandi og annarra friðlýstra svæða auk almennrar náttúruverndar er nú komið til umsagnar í samráðsgát Stjórnarráðsins. Einnig hafa verið birt drög að fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd í samræmi við drög að frumvarpi um Þjóðgarðastofnun. Frestur til að skila umsögnum er til 5. september nk. <https://samradsgatt.island.is/oll-mal/&Cases/Details/?id=99>

Stjórn felur framkvæmdastjóra og framkvæmdaráði að gera drög að umsögn og leggja fyrir stjórn.

8. Fjallsárlón: samningur og yfirtaka þjóðgarðsins - 1807002

Staða máls og uppgjör við Hornafjörð

Á árinu 2017 staðfesti umhverfis- og auðlindaráðuneytið að samhliða friðlýsingu þjóðlendanna vestan Jökulsárlóns taki Vatnajökulsþjóðgarður við réttindum og skyldum Sveitarfélagsins Hornafjarðar í tengslum við núgildandi samning um rekstur á Fjallsárlóni. Stjórn felur framkvæmdastjóra að skrifa undir samning við Fjallsárlón. Sveitarfélagið Hornafjörður kallar nú eftir uppgjóri á þeim kostnaði sem það hefur lagt í vegna uppbygginghar við Fjallsárlón. Stjórn felur framkvæmdarráði að fara yfir málið og ræða við ráðuneytið um lausn málsins.

9. Þverá - 1802008

Samngur um leigu á húsnæði undir starfsmenn

Stjórn samþykkir að ganga sem fyrst frá leigusamningi vegna notkunar á húsakosti á bænum Þverá. Húsnæðið nýtist fyrir landverði Vatnajökulsþjóðgarðs og ýmiskonar búnað. Þessi aðstaða hefur verið nýtt af Vatnajökulsþjóðgarði frá því í vor án þess að fyrir liggji undirskrifaður leigusamningur. Umhverfisstofnun hefur einnig aðstöðu í þessu húsnæði og mun greiða þjóðgarðinu fyrir þau afnot.

10. Félag hópferðaleyfishafa - 1808003

Formaður sagði frá því að í bréfi dags. 23. júlí 2018 frá Félagið hópferðasérleyfishafa hafi borist kvörtun vegna gjaldtöku í Skaftafelli sem byggist á myndatöku af númeraplötum bifreiða. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

11. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefni og mál sem unnið hefur verið að frá síðasta fundi stjórnar.

Næsti fundur stjórnar áætlaður 10. september.
Fundi slitið kl. 17:00.

